

FUNDARGERÐ

121. fundur stjórnar Úrvinnslusjóðs haldinn á skrifstofu sjóðsins þriðjudaginn 17. mars 2009 kl. 12¹⁵ – 14⁰⁰.

Viðstödd: Guðmundur G. Þórarinnsson (GGÞ), formaður
Sigurður Örn Guðleifsson (SÖG), sem kom á fundinn kl. 12:30
Guðfinnur G. Johnsen (GGJ) Ögmundur Einarsson (ÖE)
Ólafur Kjartansson (ÓK), framkv.stj. Már Karlsson (MK), fundarritari.
Fjarverandi: Bryndís Skúladóttir (BS)

1. Fundargerð

Lögð fram fundargerð síðasta fundar (120. fundar). Engar athugasemdir frá fundarmönnum.

2. Nýting hjólbarðakurils

2a. Nýting hjólbarðakurils á urðunarstað í Álfsnesi

Rætt var um yfirlýsingu Úrvinnslusjóðs um endurskoðun á greiðslum til þjónustuaðila fyrir nýtingu hjólbarðakurils á urðunarstöðum.

Samþykkt að við bókun á síðasta fundi bætist:

Við þá endurskoðun verði m.a. höfð hliðsjón af verðlagsþróun.

2b. Endurvinnsla hjólbarða.

Með bréfi dags. 12. þ.m. fer Hringrás fram á að sambærileg hækkun verði á einingarverði fyrir endurvinnslu á hjólbörðum og Úrvinnslusjóður hefur nýsamþykkt fyrir nýtingu þeirra á urðunarstað.

Við þær aðstæður sem nú eru í þjóðfélaginu telur stjórnin að ekki sé ráðrúm til að verða við erindinu og felur framkvæmdastjóra að svara erindinu.

2c. Bætur vegna aukins kostnaðar við útflutning hjólbarða.

Hringrás fer fram á að Úrvinnslusjóður bæti fyrirtækinu þann aukna kostnað sem varð við útflutning á hjólbarðakurli til endurvinnslu á tímabilinu ágúst – desember 2008.

Stjórnin telur sig ekki geta orðið við því og felur framkvæmdastjóra að svara erindinu.

3. Þróun tekna

Nú liggja fyrir hverjar eru tekjur Úrvinnslusjóðs fyrstu tvo mánuði ársins. eru þær verulega minni en fyrstu tvo mánuði síðasta árs.

Ákvörðun um viðbrögð verður tekin þegar tekjur fyrsta ársfjórðungs liggja fyrir.

4. Ráðstöfunaraðilar

Sorpa bs. óskar að gerast ráðstöfunaraðili fyrir hjólbarða sem nýttir verða kurlaðir í framræslulög á urðunarstaðnum í Álfsnesi og í tilraun til að nota kurlið í gassöfnunarlag og við vegagerð.

PM-endurvinnsla vill gerast ráðstöfunaraðili fyrir heyrúlluplast og plastumbúðir.

Umsóknirnar samþykktar.

7. Önnur mál

Ekki varð af fundi um stefnumótun Úrvinnslusjóðs, sem vera átti s.l. fimmtud. 12. þ.m.

Ákveðið að boða á ný til fundar um stefnumótun sjóðsins föstudaginn 3. apríl kl. 15:00 á Hótel Nordica við Suðurlandsbraut.

Dreifing: stjórn Úrvinnslusjóðs og á vefsíðu Úrvinnslusjóðs